

## Skólaslit Heiðarskóla

Miðvikudaginn 9. júní, verða skólaslit Heiðarskóla haldin á sal skólans. Foreldrar og forráðamenn eru hjartanlega velkomnir með börnum sínum.

**Nemendur mæti til skólaslita sem hér segir:**

Kl. 9:00 7., 8. og 9. bekkur  
Kl. 10:00 4., 5. og 6. bekkur  
Kl. 11:00 1., 2. og 3. bekkur

### *Þökkum samstarfið á liðnum vetri*

Starfsfólk Heiðarskóla þakkar nemendum og foreldrum fyrir samstarfið á skólaárinu sem nú er að ljúka með ósk um að allir hafi það ánægjulegt á komandi sumri. **Skólasetning næsta haust er 23. ágúst** en nánari tímasetning verður auglýst í staðarblöðunum í ágúst. Sjáumst glöð og heil næsta haust.

## Útskrift 10. bekkinga

Útskrift 10. bekkinga í Heiðarskóla er kl. 13:30 miðvikudaginn 9. júní. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að mæta með börnum sínum og eiga ánægjulega stund í skólanum

þennan síðasta skóladag þeirra í grunnskóla.

**Boðið verður upp á kaffi, gos og meðlæti að loknum skólaslitum.**

## Skólakynning

Þriðjudaginn 18. maí var foreldrum og forráðamönnum væntanlegra nemenda í 1. bekk Heiðarskóla boðið í heimsókn í skólann. Kynnt var fyrir þeim væntanleg skólaganga barna þeirra, skipulag og áherslur í starfi skólans. Skólinn var skoðaður og þá sérstaklega þeir staðir sem nemendur í 1. bekk munu koma til með að vera á. Mjög góð mæting var á þessa kynningu og er það von okkar í skólanum að hún hafi auðveldað foreldrum að undirbúa börnin sín undir væntanlega skólagöngu.



## „Englaferð“ í 10. bekk

Eftir samræmdu prófin fóru nemendur í 10. bekk í vettvangsferð á söguslóðir skáldsögunnar „Englar alheimsins“ eftir Einar Mái Guðmundsson. Eftir skoðunarferðina hittu nemendur höfund bókarnar og aðalleikara bíómyndarinnar Ingvar Sigurðsson á Grillinu á Hótel Sögu.



# Fjölskyldudagurinn og sýning í Heiðarskóla

Í tilefni 5 ára starfsafmælis Heiðarskóla var sýning á verkefnum nemenda í stofum og á göngum skólans. Sýningin var haldin í tengslum við Fjölskyldudag Foreldrafélags Heiðarskóla laugardaginn 15. maí. Af þessu tilefni gaf Foreldrafélagið skólanum tvo fána með merki Heiðarskóla sem var flaggað þennan dag ásamt fána foreldrafélagsins.



Eins og sjá má á þessum myndum var margt áhugavert á sýningu nemenda og ýmislegt við að vera fyrir nemendur á vegum Foreldrafélagsins.

## Sumarlestur


Að geta lesið og fá merkingu út úr lestrinum er undirstaða alls náms. Lestrarfærni er því gífurlega mikilvæg fyrir skólagöngu barna sem og fyrir alla einstaklinga sem vilja vera virkir þátttakendur í samfélaginu.



Það er metnaðarmál hjá okkur í Heiðarskóla að efla og halda við lestrarfærni nemenda. Til að það verði markvissara og meira hvetjandi fá allir nemendur heim með sér eyðublað í sumarfríið. Í byrjun næsta skólaárs munu umsjónarkennarar taka við blaðinu og fá nemendur þá viðurkenningarskjal og lestrarmenningarpenna. Með þessu viljum við í Heiðarskóla styrkja enn frekar hið metnaðarfulla verkefni Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar „Lestrarmenning í Reykjanesbæ“ og stuðla að því að allir sem að uppeldi barnanna komi hafi það viðhorf til lestrar að lestrarstund er gæðastund.

## Tölum saman

FFGÍR stóð fyrir sameiginlegum fræðslufundum í samvinnu við skólafyrirvöld um kynlíf og kynhegðan fyrir nemendur 9. og 10. bekkja í Reykjanesbæ. Fimmtudaginn 13. maí kom Dagbjört Ásbjörnsdóttir MA í kynja- og kynlífsfræðum og ræddi við nemendur. Á mánudeginum var boðið upp á sameiginlegan fund með foreldrum og nemendum þar sem Sigurlaug Hauksdóttir félagsráðgjafi og Dagbjört komu inn á mál eins og gildismat, ábyrgt kynlíf, ótímabærar þunganir og kynsjúkdóma. Fræðslan og fundurinn voru mjög vel heppnuð en gaman hefði verið ef fleiri foreldrar hefðu séð sér fært að mæta með unglingum sínum til að fræðast um mál sem allir unglingar og foreldrar þurfa að láta sig varða.



Drengir í 9. og 10. bekk hlusta með athygli á Dagbjörtu

# Vorferðir nemenda í Heiðarskóla

**1. bekkur** fer fimmtudaginn 3. júní að Grjóteyri í Kjós. Lagt verður af stað í ferðina kl. 9:45 og áætluð heimkoma er kl. 15:00. Nemendur hafi með sér hollt og gott nesti og klæði sig eftir veðri.

**2. bekkur** fer miðvikudaginn 2. júní í Saltfisksetrið í Grindavík og Sólbrenniskóg við Seltjörn. Lagt verður af stað kl. 9:00 og áætluð heimkoma er kl. 13:00. Nemendur hafi með sér hollt og gott nesti og klæði sig eftir veðri.

**3. bekkur** fer miðvikudaginn 2. júní í Húsdýragarðinn. Lagt verður af stað frá

skólanum kl. 9:00 og áætluð heimkoma er kl. 14:00.

**4. bekkur** fer miðvikudaginn 2. júní í Viðey. Lagt verður af stað kl. 8:15 og áætluð heimkoma er kl. 14:00. Nemendur hafi með sér hollt og gott nesti og klæði sig eftir veðri.

**5. bekkur** fer fimmtudaginn 3. júní. Nemendur skoða Hallgrímskirkju og fara síðan í Nauthólsvík. Nemendur hafi með sér sundföt og handklæði ásamt góðu nesti. Lagt verður af stað kl. 8:15 og áætluð heimkoma er um kl. 14:00

**6. bekkur** fer fimmtudaginn 3. júní. Farin verður Krísvíkurléið að Strandarkirkju og þaðan á Byggðasafnið á Eyrarbakka. Nemendur borða síðan pizzu á Selfossi og fara í sund. Lagt verður af stað kl. 8:30 og áætluð heimkoma er kl. 17:00

**7. bekkur.** Nemendur fóru á Úlfljótsvatn 12. - 13. maí. Sjá neðar á síðunni.

**8. bekkur** fer fimmtudaginn 3. júní í Borgarfjörðinn. Ýmislegt skemmtilegt verður gert í ferðinni. Nemendur komi með sundföt og gott nesti. Lagt verður af stað kl.

8:15 og áætluð heimkoma er um kl. 16:30.

**9. bekkur** fer fimmtudaginn 3. júní til Reykjavíkur. Þar gera nemendur ýmislegt skemmtilegt eins og að heimsækja Sögusafnið í Perlunni og fara í Nauthólsvík eða sund eftir veðri. Lagt verður af stað kl. 9:00 og áætluð heimkoma um kl. 17:00. Nemendur komi með sundföt og nesti.

**10. bekkur** fór þriðjudaginn 25. maí í þriggja náttu ferð að Hofi í Örafum. Gist var að Hofi, farið i skoðunarferðir, ísklifer, bátasiglingu, sund og fleira.

## 7. bekkur á Úlfljótsvatni

Dagana 12. og 13. maí dvöldu nemendur í 7. bekk á Úlfljótsvatni með kennurum sínum. Hér á eftir er styttr ritgerð eftir Kristínu Ósk Gísladóttur í 7. PG um ferðina.

Við komum á Úlfljótsvatn klukkan tíu. Gunni tók á móti okkur og við fórum inn í matsal og hann útskýrði fyrir okkur hvaða reglur giltu á staðnum. Við fengum svo morgunhressingu, djús og matarkex. Eftir það fórum við í fjallgöngu og urðum rennandi blaut því að það var rigning. Við fórum síðan heim í skálann og fengum grjónagraut og grillað brauð. Það var mjög gott. Síðan fórum við í póstaleikinn. Það er leikur með 11 stöðvum með allskonar þrautum. Síðan fengum við frjálsan tíma til að gera það sem við vildum. Í kvöldmatinn var hakk og spagetti sem var mjög, mjög gott. Á kvöldvökunni voru margir með skemmtiatriði sem voru svolítið fyndin og á eftir var diskótek. Það var svolítið gaman því við vorum í svo miklu studu. Eftir það fórum við upp í skála að segja draugasögur. Það var svolítið spookíiii... Næsta dag vöknudum við klukkan níu og fórum að borða morgunmat. Eftir það var lífsleiknitíminn og við fórum í vatnasafarið sem var mjög, mjög kalt. Ég datt tvisvar út eða reyndar hrintu Kristinn og Sigurgísli mér. Eftir það fórum við út að leika í keppni á leiktækjunum og lærðum ítalskt lag og skemmtilegan treflaleik. Eftir hádegismat pökkuðum við og héldum að Nesjavöllum þar sem við skoðuðum virkjunina og fengum prins póló og kók. Við komum heim um kl. hálf fimm.




## Nemendur í 1. bekk fá hjálma að gjöf

Á vordögum fengu allir nemendur í 1. bekk hjólahjálma að gjöf. Kiwanis, Samskip og Flytjandi standa sameiginlega að gjöfinni og það voru Kiwanismenn ásamt lögreglunni sem afhentu börnunum hjálmana. Lögreglan fór yfir hvernig ætti að setja hjálminn á sig og hvenær ætti að nota þá.



## Nemendur og foreldrar

Vinsamlega munið að skila bókum sem eru í eigu skólans!



# Skóladagatal

HEIDARSKÓLI  
2004 – 2005

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1. S. Músiaradunum	1. F.	1. S.	1. V.	1. M.	1. L. Vindur	1. F.	1. E.	1. F.	1. S. Þorbjörgu	1. V.
2. M.	2. F.	2. S.	2. V.	2. M.	2. S.	2. V.	2. M.	2. F.	2. V. Samr. 10. b. íd.	2. S.
3. S.	3. F.	3. S.	3. V.	3. M.	3. L.	3. V.	3. M.	3. F.	3. S. Samr. 10. b. ene.	3. V.
4. M.	4. F.	4. S.	4. V.	4. M.	4. L.	4. V.	4. M.	4. F.	4. V. Samr. 10. b. dm.	4. S.
5. F.	5. F.	5. S.	5. V.	5. M.	5. L.	5. V.	5. M.	5. F.	5. S. Jóhöfðingur	5. V.
6. F.	6. V.	6. S.	6. V.	6. M.	6. L.	6. V.	6. M.	6. F.	6. V. Samr. 10. b. sam.	6. S.
7. L.	7. V.	7. S.	7. V.	7. M.	7. L.	7. V.	7. M.	7. F.	7. V.	7. S.
8. S.	8. V.	8. S.	8. V.	8. M.	8. L.	8. V.	8. M.	8. F.	8. S. Skrifst. ísl.	8. V.
9. M.	9. F.	9. S.	9. V.	9. M.	9. L.	9. V.	9. M.	9. F.	9. V. Samr. 10. b. nór.	9. S.
10. S.	10. F.	10. S.	10. V.	10. M.	10. L.	10. V.	10. M.	10. F.	10. S. Skrifst. 1101	10. V.
11. M.	11. F.	11. S.	11. V.	11. M.	11. L.	11. V.	11. M.	11. F.	11. S. Samr. 10. b. ste.	11. V.
12. F.	12. V.	12. S.	12. V.	12. M.	12. L.	12. V.	12. M.	12. F.	12. S. Þurks. skóli	12. V.
13. S.	13. F.	13. S.	13. V.	13. M.	13. L.	13. V.	13. M.	13. F.	13. S. Þurks. skóli	13. V.
14. L.	14. V.	14. S.	14. V.	14. M.	14. L.	14. V.	14. M.	14. F.	14. S. Þurks. skóli	14. V.
15. S.	15. F.	15. S.	15. V.	15. M.	15. L.	15. V.	15. M.	15. F.	15. S. Þurks. skóli	15. V.
16. M.	16. F.	16. S.	16. V.	16. M.	16. L.	16. V.	16. M.	16. F.	16. S. Þurks. skóli	16. V.
17. S.	17. F.	17. S.	17. V.	17. M.	17. L.	17. V.	17. M.	17. F.	17. S. Þurks. skóli	17. V.
18. M.	18. F.	18. S.	18. V.	18. M.	18. L.	18. V.	18. M.	18. F.	18. S. Þurks. skóli	18. V.
19. F.	19. V.	19. S.	19. V.	19. M.	19. L.	19. V.	19. M.	19. F.	19. S. Þurks. skóli	19. V.
20. V.	20. S.	20. V.	20. V.	20. M.	20. L.	20. V.	20. M.	20. F.	20. S. Þurks. skóli	20. V.
21. L.	21. V.	21. S.	21. V.	21. M.	21. L.	21. V.	21. M.	21. F.	21. S. Þurks. skóli	21. V.
22. S.	22. F.	22. S.	22. V.	22. M.	22. L.	22. V.	22. M.	22. F.	22. S. Þurks. skóli	22. V.
23. F.	23. V.	23. S.	23. V.	23. M.	23. L.	23. V.	23. M.	23. F.	23. S. Þurks. skóli	23. V.
24. S.	24. F.	24. S.	24. V.	24. M.	24. L.	24. V.	24. M.	24. F.	24. S. Þurks. skóli	24. V.
25. M.	25. F.	25. S.	25. V.	25. M.	25. L.	25. V.	25. M.	25. F.	25. S. Þurks. skóli	25. V.
26. F.	26. V.	26. S.	26. V.	26. M.	26. L.	26. V.	26. M.	26. F.	26. S. Þurks. skóli	26. V.
27. V.	27. S.	27. V.	27. V.	27. M.	27. L.	27. V.	27. M.	27. F.	27. S. Þurks. skóli	27. V.
28. L.	28. V.	28. S.	28. V.	28. M.	28. L.	28. V.	28. M.	28. F.	28. S. Þurks. skóli	28. V.
29. S.	29. F.	29. S.	29. V.	29. M.	29. L.	29. V.	29. M.	29. F.	29. S. Þurks. skóli	29. V.
30. F.	30. V.	30. S.	30. V.	30. M.	30. L.	30. V.	30. M.	30. F.	30. S. Þurks. skóli	30. V.
31. S.	31. F.	31. S.	31. V.	31. M.	31. L.	31. V.	31. M.	31. F.	31. S. Þurks. skóli	31. V.

Samkvæmt lögum nr. 68/1995 um grunnskóla með áorðnum breytingum skulu kennsludagar nemenda ekki vera færri en 170. Samkvæmt Kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launafélagar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á skólaláinu eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráð við kennara og með Húðsjón af Kjarasamningum.